

5. gr.

126

8. des.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar móttakanda vörunnar sektum.

Reglugerðin öðlast gildi 15. febr. 1938 og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 79 21. október 1925, um innkaupsreikninga fyrir erlendan varning.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögunum um verðtoll, vegna framkvæmdar á þeim lögum, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1937.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

127

8. des.

um skemmtanaskatt.

1. gr.

Til þess að halda skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hvenær hún skuli haldin. Í Reykjavík þarf einnig leyfi tollstjóra til þess að halda skemmtun, sem aðgangur er seldur að.

Einnig þarf leyfi nefndra yfirvalda til þess að halda dansleiki, enda þótt ekki sé seldur aðgangur að þeim.

Eigi þarf leyfi til að halda hverja einstaka skemmtun, sem kvikmyndahús og aðrar skemmtistofnanir, sem rekin eru sem föst atvinnufyrirtæki, stofna til.

2. gr.

Lögreglustjóri getur gert það að skilyrði fyrir veitingu leyfis til skemmtanahalds, að ekki annist aðrir dyravörzlu að skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleypa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða stimplaðan skemmtanaskattstimplinum (sbr. 4. gr.), að þeir skuli afhenda lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra, alla þá aðgöngumiða, sem þeir taka á móti við innganginn, og að þeir skuli gæta þess, að ekki sé farið í kringum skemmtanaskattslögin, t. d. með því, að gert sé að skilyrði fyrir aðgöngu að skemmtun, að menn greiði félagsskírteini, félagstillög, merki eða annað þess háttar.

Ennfremur má lögreglustjóri binda leyfi því skilyrði, að sá, er fyrir skemmtun stendur, geri þær ráðstafanir til að halda þar uppi reglu og velsæmi, sem lögreglustjóri telur fullnægjandi, og beri kostnað af þeim.

3. gr.

Aðgang að skemmtunum má ekki selja án þess að aðgöngumiðar séu afhentir, enda er seljanda ekki heimilt að taka aftur við aðgöngumiðum, nema hann greiði fullt andvirði þeirra.

4. gr.

Aðgöngumiðar að skemmtunum skulu stimplaðir með þar til gerðum stimpli og kallast hann í reglugerð þessari skemmtanaskattstimpill.

Stimplun aðgöngumiða skal annaðhvort fara fram í skrifstofu lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra, eða í prentsmiðju. Ef stimpla á í prentsmiðju, semur lögreglu-

127 stjóri, í Reykjavík tollstjóri, við prentsmiðju um stimplun miðanna, um leið og þeir
8. des. eru prentaðir, með þar til gerðum stimpli eða stimpilmóti (cliché), sem lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, afhendir prentara gegn skuldbindingu hans um, að hann skuli ekki misnota stimpilinn og að hann skuli afhenda lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra, og engum öðrum alla þá aðgöngumiða, sem hann setur stimpilinn á. Á hvern aðgöngumiða skal prenta verð hans og upphæð skemmtanaskattsins.

5. gr.

Aðgöngumiðar skulu þannig gerðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvennt þá er þeir eru notaðir, þannig að dyravörður haldi öðrum hlutanum, en aðgangskaupandi hinum.

6. gr.

Um leið og lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, leyfir einhyrja skemmtun, sem ekki er undanþegin skatti samkvæmt 3. gr. skemmtanaskattslaganna, færir hann inn í sérstaka bók nafn leyfishafa, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin. Jafnframt setur hann í bókina raðtölu við skemmtunina, og skulu allar skemmtanir ársins merktar áframhaldandi raðtölum. Á eftir því, sem skráð er í bókina um hverja skemmtun, skal ætla nægilegt rúm til að innfæra þar fjölda miða þeirra, sem afhentir eru leyfishafa til sölu gegn kvittun hans, ritaðri í bókina, að innfæra þar miða þá, sem ekki seljast og skilað er aftur, að innfæra útreikning skattsins af seldum miðum. Nú fellur leyfi til skemmtunar niður, og skal þess þá getið í bókinni. Nú sannar leyfishafi fyrir lögreglustjóra, í Reykjavík tollstjóra, á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, að nokkru af miðum hafi verið útbýtt kauplaust (fríbílæti), og er þá rétt, að ekki sé greiddur skattur af þeim miðum, en lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, telur þá miða í skemmtanaskattsbókinni meðal skilaðra miða.

Um trygging og fyrirkomulag skattgreiðslu frá kvikmyndahúsum og öðrum skemmtistofnunum, er rekin eru sem fóst atvinnufyrirtæki, getur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, sett önnur ákvæði, svo sem um sundurliðaða og daglega bókfærslu seldra aðgöngumiða, er tryggi það, að skatturinn verði talinn rétt fram. Aðgöngumiðar skulu þó ætíð vera gerðir eins og að framan segir.

7. gr.

Gjalddagi skemmtanaskatts er næsti virkur dagur eftir að skemmtun hefir verið haldin.

Eigandi húsnæðis þess, er dansleikur er haldinn í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.

8. gr.

Þá er skemmtanaskatturinn fyrir hvern ársfjórðung hefir verið innheimtur, skal lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, þegar senda hann fjármálaráðuneytinu með bréfi, þar sem hin senda fjárhæð er tilgreind. Reikning yfir skemmtanaskattinn úr umdæminu fyrir almanaksárið, skal lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, hafa gert svo tímanlega, að hann geti sent hann tvíritaðan með fylgiskjölum til fjármálaráðuneytisins innan loka febrúarmánaðar þess árs, sem í hönd fer.

Ársreikning með skilagrein skal gera samkvæmt fyrirmyndum, er ráðuneytið sendir lögreglustjórum, í Reykjavík tollstjóra.

Fjármálaráðuneytið afhendir stjórn þjóðleikhússjóðsins skemmtanaskattsupphæðirnar eftir því sem þær berast ráðuneytinu.

Framkvæmd á ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar er frestað meðan 2. töluliður laga nr. 73, 23. júní 1936 og síðari framlengingar á gildi ákvæða þess liðs eru lög. Meðan svo stendur fer um skilagrein fyrir skemmtanaskatti eftir almennum reglum um opinber reikningsskil.

9. gr.

127

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í skemmtanaskattslögunum og varða brot gegn henni, sem sæta meðferð almennra lögreglumála, sektum samkvæmt 7. gr. laganna.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1937.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUR

128

23. des.

um flutning á pósti með almenningsbifreiðum.

1. gr.

Allir þeir, sem hafa sérleyfi til fólksflutninga með bifreiðum eða undanþágu frá sérleyfis skyldu, eru skyldir til að flytja póst milli allra póststöðva á sérleyfis- eða undanþáguleiðunum eftir fyrirmælum póststjórnarinnar (sbr. lög nr. 62, 28. janúar 1935).

2. gr.

Í hverri ferð skal tekinn allur sá póstur, sem á að fara, án tillits til þyngdar hans. Sérleyfishafa og undanþáguhafa ber að annast sókn og skil á pósthúsin.

3. gr.

Sérleyfishafi og undanþáguhafi ber ábyrgð á póstflutningnum á leiðinni og ber sömuleiðis ábyrgð á því, að bifreiðarstjóri taki ekki utan pósts neinar sendingar, sem taldar eru í 2. gr. póstlaganna a 1 og b, (en það er hvað eina, sem er með bréfalagi, bréfsþjöld, spjaldbréf og almenn bréf allt að 2000 gr. og peningabréf allt að 2000 gr.). Þegar bifreiðastjórar taka á móti þessum sendingum skulu þeir jafnan afhenda þær póstaðgreiðanda um leið og þeir skila póstflutningnum **en aldrei setja þær í póstbréfakassa á pósthúsunum**. Brjótí sérleyfishafi eða undanþáguhafi þessi ákvæði, greiði hann í bætur 10 kr. fyrir hverja ólöglega sendingu, nema aðrar þyngri sektir eða missir sérleyfis eða undanþágu liggi við.

4. gr.

Geti sérleyfishafi eða undanþáguhafi af einhverjum ástæðum ekki notað bifreið til flutningsins, ber honum engu að síður skylda til að koma póstflutningnum á ákvörðunarstað á sem stytum tíma í samráði við póststjórnina. Ef slíkt hendir, skal póststjórnin ekki krefjast þess, að ákveðið magn póstflutnings sé flutt ókeypis í þeirri ferð.

5. gr.

Af póstmagni því, sem flutt er í hverri ferð, skal sérleyfishafi eða undanþáguhafi flytja ókeypis 50% (sbr. þó 4. gr.).

Fyrir afganginn greiðist fyrir hver 100 kg. sætisverð milli hlutaðeigandi póststöðva, hlutfallslega eftir þyngd flutningsins. Póstflutningurinn skal gerður upp mánadaglega. Í niðurstöðutölum skal $\frac{1}{2}$ kg. eða meira teljast heilt kg., en minna broti sleppt.